

Árþing Blaksambands Íslands 2007

Haldið í Reykjavík 5. maí 2007

Þinggerð

Reykjavík, 19. júní 2007.

Þinggerð 35. ársþings BLÍ haldið 5. maí 2007 í Reykjavík

Laugardaginn 5. júní var ársþing Blaksambandsins haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík. Þar var farið yfir störf stjórnar BLÍ síðasta starfsár, reikningar sambandsins lagðir fram, kosið um laga- og reglugerðarbreytingar BLÍ sem og kosið um formann BLÍ til tveggja ára og í tvö laus sæti í stjórn til næstu tveggja ára.

Þingsetning

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson setti þingið kl. 09.00 og bauð þingfulltrúa velkomna.

Því næst er lagt fyrir þingheim sú tillaga að Halldóra Sævarsdóttir verði þingforseti og Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti, Halldóra Sævarsdóttir hefur þingstörf. Skv. lögum sambandsins er þingið lögmaett miðað við hvernig til þess var boðað með bréfum dagsettum 4. mars og 19. apríl.

Kosning í starfsnefndir

Þingforseti ber upp tillögu stjórnar um að Stefán Jóhannesson stýri kjörbréfanefnd og með honum séu Svala Vignisdóttir og Karl Sigurðsson. Samþykkt samhljóða. Kjörbréfanefnd tekur strax til starfa.

Uppstillingarnefnd: Jón Ólafur Valdimarsson formaður

Laga-, leikreglna og allsherjarnefnd: Harald Ísaksen, formaður.

Fjárhagsnefnd: Óskar Hauksson, formaður

Jason Ívarsson fer yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2006-2007.

Þar fór hann yfir helstu atriði stjórnar sem hélt 6 stjórnarfundum á árinu. Þá minntist hann sérstaklega á það hversu ánægjuleg væri sú mikla fjölgun sem orðið hefur hjá yngri blakiðkendum. Stjórn setur kraft í uppbyggingarstarf og er fjölgun unglíngalandsliðanna mælikvarði á það. Eldri landsliðin eru mikilvæg og hefur verið mjög vel hlúð að þeim og árangur kvennalandsliðsins eftirtektarverður. Bæði landsliðin taka þátt í smáþjóðaleikunum en kvennaliðið heldur til Skotlands í lokakeppni EM.

Oft er spurt um mikilvægi funda erlendis. Við erum hluti af Evrópu og erum því undir blaksambandi Evrópu. Það er mikilvægt að fulltrúar frá BLÍ mæti á fundum erlendis vegna þess að það er alltaf tekið eftir þeim sem mæta. Nýverið gerði BLÍ samstarfssamning við Blaksamband Portúgals þar sem okkur er boðið að koma með landsliðin okkar í æfingabúðir tvisvar á ári, æfa og spila við mjög góðar aðstæður.

Strandblakið á Íslandi er sífellt að verða vinsælli og vinsælli íþróttagrein en hún er að byggjast upp. Önnur sérsambönd öfunda okkur af því að eiga góðan hóp öldunga en nýliðið Öldungamót BLÍ er það stærsta í sögunni og Stjarnan stóð sig með miklum sóma.

Hallann á rekstri má útskýra með auknum umsvifum. Aðallega má segja að Evrópumótið sem við höldum vorum 2006 hafi vegið þyngst í þessu tapi.

Jason þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf á starfsárinu og öllum þeim sem lögðu stjórn BLÍ lið á liðnu starfsári, forsvarsmönnum félaga, nefndum og dómurum.

Gengið til liðs nr. 5 í dagskrá – reikningar síðasta starfsárs.

Óskar Hauksson gjaldkeri BLÍ fer yfir reikninga sambandsins sem höfðu verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Enginn kvað sér hljóðs, skýrsla stjórnar borin upp og hún samþykkt. Ársreikningur 2006 borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

Stefán Jóhannesson, formaður kjörbréfanefndar kvað sér hljóðs og skýrði frá innsendum kjörbréfum sem voru óvenju fá að þessu sinni.

Aðeins bárust 4 kjörbréf útfyllt af 11 útsendum bréfum. Samtals höfðu 69 fulltrúar rétt til þingsetu frá íþróttabandalögum og héraðssamböndum. Atkvæði á innsendum kjörbréfum voru 27 talsins.

Fulltrúar ÍBR (13 / 14)

Halldór Ingi Kárason, Sævar Már Guðmundsson, Jón Ólafur Valdimarsson, Óskar Hauksson, Andrea Burgherr, Ástríður Valbjörnsdóttir, Harald Ísaksen, Ásthildur Gunnarsdóttir, Knútur Þórhallsson, Árni Ingi Garðarson, Ásta Mósesdóttir, Sóley Ásta Karlsdóttir, Hrefna Stefánsdóttir.

Fulltrúar UMSK (8 / 13)

Mundína Kristinsdóttir, Brynjar Pétursson, Þorgerður Kristinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Vignir Hlöðversson, Karl Sigurðsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Róbert Hlöðversson.

Fulltrúar HSK (1 / 6)

Jason Ívarsson (3 atkvæði)

Fulltrúar HSH (3 / 5)

Vigfús Örn Gíslason, Auður Rafnsdóttir, Viðar Gylfason

Álit kjörbréfanefndar lagt fyrir þingið. Enginn kvað sér hljóðs og voru þau samþykkt samhljóða.

Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ ávarpaði þingið.

Flutti kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og forseta ÍSÍ sem því miður gat ekki verið á þinginu. Stefán þakkar sérstaklega framkvæmdastjóra BLÍ fyrir samstarfið og hælir honum fyrir dugnað í starfi. Skýrslan er fín og reikningarnir viðunandi þrátt fyrir tapið. Það er mjög mikilvægt að taka þátt í öllu því sem BLÍ er að taka þátt í og það kostar sitt. Hingað til höfum við ekki haft tækifæri til þess að taka þátt en nú er það komið. Það er svo að vinna rétt úr þessu og skorar á stjórn að sýna varfærni í rekstrinum og ná þessu tapi til baka.

Kemur inn á mikilvægi á fundarsetu erlendis en þó að samböndin séu lítil eins og BLÍ þá er þetta mikilvægt atriði. Framundan eru spennandi tímar í íþróttahreyfingunni. Það koma framlög frá ríkinu og þegar upp er staðið eiga öll sérsamböndin að fá jafn mikið. BLÍ fær t.a.m. meira á næsta ári en það gerir í ár. Önnur stór mál eru styrkir til ÍSÍ frá Alþingi vegna ferðakostnaðar innanlands. Verið er að skipa vinnuhóp til að breyta bókhaldsreglum

Íþróttahreyfingarinnar en ferðakostnaðurinn er gríðarlegur t.d. á austurlandi. Það var ákveðinn sigur að ná inn 30 milljónum á þessu ári og 60 á því næsta og 90 árið 2009. Í haust verður skipaður vinnuhópur sem skiptir þessu fé en peningarnir fara til félaganna úti á landi.

Það er kominn friður í blakhreyfinguna – ég vil óska ykkur til hamingju með það.

Þá er gengið til 8. lið á dagskrá

Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt af Óskari Haukssyni. Þingskjal 1

9. liður dagskrár, Laga- og leikreglnabreytingar

Jason Ívarsson fer yfir þær tillögur sem hafa borist. Tillaga frá stjórn um breytt fyrirkomulag á bikarkeppninni – þingskjal 2.

Tillaga frá Lilju Hreiðarsdóttur sem heitir “góðan og blessaðan daginn” – Þingskjal 3

Tillaga frá Viðari Gylfasyni um breytingar á 3. flokki – Þingskjal 4.

Tillaga borin upp um að allar tillögurnar verði til umfjöllunar í nefndum þingsins en þær bárust allar rétt fyrir þingið. Enginn kvað sér hljóðs og skoðast því samþykkt. Tillögurnar liggja á borðum þingfulltrúa og voru ekki lesnar upp (má finna í viðauka þinggerðar).

Karl Sigurðsson spyr um tillögu frá Brynjari um breytingu á yngriflokkum.

Harald Ísaksen spyr úr sæti um ástæðu fyrir því að fjölliðamótin (bikarkeppnin) séu ekki á höfuðborgarsvæðinu. Það er meiningin – af því að úrslitin eru á höfuðborgarsvæðinu.

Stefán Jóhannesson tekur til máls og ræðir um bikarkeppnina. Við gerðum í vetur breytingar á bikarkeppninni. Það er svipuð hugsun með þessari reglugerð, þ.e. hvernig menn vinna sér þátttökurétt til þess að spila í undanúrslitum.

Mótanefnd og stjórn tóku það upp á sitt einsdæmi að ákveða þetta. Kostir og gallar sem þetta hefur í för með sér er í umræðunni um bikarkeppnina.

Varðandi fjölliðamótin: Fyrirmyndin kemur frá Færeyjum og það hefur reynst afar vel að vera með þetta svona þar. Hugmyndin er að gera þetta að litlum blakhátíðum – þau lið sem vinna fyrsta mótið er komið með með þátttökurétt í úrslitum og þarf ekki að fara í næsta mót. Það er hugmyndafræðin. Þetta er andinn sem reglugerðin er hugsuð í.

Fleiri sjónarmið sem þurfa að koma fram: Þetta er mjög róttæk breyting – að draga lið úr hatt er þar með fyrir bí. Kostnaður og annað er fyrirsjáanlegra, hægt er að sjá fyrir hvað veturinn kostar og svo framvegis.

Karl Sigurðsson talaði einnig um fjölliðamót – hvað á að gera í því að fá lið í svona fyrirkomulag – efstu liðin komast áfram.

Stefán – Hluti skýringarinnar af fáum liðum er eðli bikarkeppinnar. Halldór Ingi talar um leikstaðina – hvort það væri ekki hægt að hafa eitt mótið á höfuðborgarsvæðinu því annars yrði þetta dýrt fyrir félögin í Reykjavík.

Vignir – skil ekki krosspilið

Ástríður – að vissu leyti er óvissa um fjölda liða

Tillögur sendar í nefndir, Fjárhagsáætlun lögð fyrir fjárhagsnefnd, Þingskjöl 2, 3 og 4 sendar í laga-, leikreglna og allsherjarnefnd.

Nefndir lesnar upp

Uppstillingarnefnd: Jón Ólafur Valdimarsson, formaður, Halldór Ingi Kárason, Svala Vignisdóttir

Fjárhagsnefnd: Óskar Hauksson, formaður, Ástríður Valbjörnsdóttir.

Laga- leikreglna- og allsherjarnefnd: Harald Ísaksen, formaður, Karl Sigurðsson, Vignir Hlökkversson, Klara Jóhannesdóttir, Viðar Gylfason, Mundína Kristinsdóttir.

Nefndarstörf hefjast.

Þinghlé gert kl. 11.25, fulltrúum boðið að þiggja hádegisverð í kaffiteríu ÍSÍ

Álit nefnda

Fjárhagsnefnd: Óskar Hauksson.

Nefndin fjallaði um þingskjal nr. 1. Það er að koma meiri peningur inn frá ÍSÍ en áður og styrktaraðilum. Að sama skapi er launakostnaður sambandsins að hækka. Aðalverkefni ársins er að koma skuldum niður. Engar tillögur um breytingar á skjalinu komu fram.

Umræður um fjárhagsáætlun 2008 opnar. Enginn kvað sér hljóðs, þingskjal 1 borið upp og samþykkt samhljóða.

Laga-, leikreglna og allsherjarnefnd: Harald Ísaksen.

Nefndin fjallaði um þingskjöl 2, 3, 4 og 5 sem kom inn í nefndina eftir á.

Þingskjal nr. 2. Tillaga frá stjórn BLÍ um Bikarkeppnina. Tillagan samþykkt innan nefndar með smá breytingum, endurskoðun á tímasetningum, út með greinina þar sem fjölliðamót skulu ekki vera á höfuðborgarsvæðinu. Breytist þannig að stjórn ákveði í hvaða landshluta verði leikið.

Í 2. grein: Öll félög geta sótt um að fá að halda mótin með ákveðinni dagsetningu (endurskoða dagsetningar á mótum). C liður í annarri grein – taka út “fara fram í Reykjavík um sömu helgi”. Er í höndum BLÍ – ákvörðun stjórnar m.t.t. sjónvarpsútsendinga og annarra hluta sem henta greininni.

Í 3. grein a) breyta eða sleppa dagsetningu
Liður b) ekki hafa hámarks liðafjölda

Í 4. grein – einangra orðið Höfuðborgarsvæðið.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar með þessum breytingum og henni beri að vinna úr því. Sú tillaga borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3: Tillaga um að 3. deild verði stofnuð. Nefndin samþykkti tillöguna og í raun framkvæmdaratriði. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða og vísað til stjórnar um framkvæmd.

Þingskjal nr. 4: Leikskipulag í 3. flokki karla og kvenna. Spurning um útfærslu á þessu, borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5: Kom frá Brynjari Péturssyni... gerir það að tillögu sinni að 3. flokkur verði 3 ár og 17 ára aldurinn verði skipting í 2. flokk. Leggur til að nethæð í 2. flokki karla verði 2.35 í stað 2.43. Rökin eru fyrir hendi að hann hafi misst út stráka sem ná ekki ákveðinni hæð vegna þessa. Tillagan var samþykkt og henni vísað aftur til stjórnar og að yngriflokkanevnd taki þetta fyrir í sinni nefnd. Það borið upp og samþykkt samhljóða.

Nefndin hefur lokið störfum en öllum þingskjölum var vísað til stjórnar nema þingskjali nr. 4.

Ákveðið gjald ævifélaga

Jason Ívarsson kveður sér hljóðs og leggur til að gjald ævifélaga haldist óbreytt, kr. 100.000. Fyrir gjaldið er frítt á alla landsleiki og boð á ársþing BLÍ.

Enginn kvað sér hljóðs um gjald ævifélaga – borið upp og samþykkt samhljóða.

Gengið er til liðs nr. 15 á dagskrá – Önnur mál

Jason kemur og ræðir um skattlagningu á öldungamóti. Undanfarin ár hefur gjaldið verið kr. 4000 á lið en stjórn leggur til að á næsta móti verði gjaldið 5000 kr. á lið. Þessi upphæð verður áfram eyrnamerkt yngriflokkastarfi BLÍ.

Viðar Gylfason tekur til máls. Kemur með tillögu að því að koma á þjálfaraþingi hér á landi þar sem að þeir sem þjálfar yngriflokka og meistaraflokka koma saman og hittast – á námskeiði eða þingi eða einhverju slíku. Það er frábær þjálfari hjá KA á Akureyri sem gæti haldið námskeið. Svo eigum við náttúrulega Magnús Aðalsteinsson. Ég legg til að svona þing eða námskeið verði haldið um miðjan ágúst.

Enginn kveður sér hljóðs um tillögu um gjald ævifélaga, hún borin upp og samþykkt samhljóða.

Stefán Jóhannesson kveður sér hljóðs

Talar um samninginn við Portúgalina. Þeir ætla að aðstoða okkur við að efla íþróttina og það eru litlar skyldur á okkur, ef einhverjar. Samningurinn er til kominn eftir viðræður – þó verður það ekki tekið af Guðmundi Helga Þorsteinssyni, að hann hjálpaði til við samningsgerðina. Sjálfsagt mál að kynna samninginn vel til þingfulltrúa. Þetta er stærsti samningurinn sem BLÍ hefur gert hingað til og fjallar um það að portúgalska sambandið ætla að fóstora íslenskt blak og bjóða

okkur að koma með 20 manna hóp í 10 daga ferð tvisvar sinnum á ári til ársins 2010. Þetta eru 1600 gistinætur með fullu fæði. Það sem við þurfum að gera er að koma okkur til Porto og þar taka þeir við og sjá alfarið um hópinn. Öll gisting og fæði, Íþróttamannvirki, aðstaða til þjálfunar, aðstoð við þjálfunina og boð á alþjóðamót. Við höfum nú þegar fengið eitt boð um að koma á mót með kvennalandsliðið en því miður þurftum við að hafna því vegna margra verkefna fyrir kvennalandsliðið.

Það liggur fyrir unglíngalandsliðsnefnd að þau vilja fá allt fyrir sín landslið en stjórnin hefur ekki rætt það hvaða landslið fara og hvenær í hvert sinn. Virði þessa samnings er gríðarlega mikið og nú er það undir okkur sjálfum komið hvernig við stöndum að því að útfæra þetta. Samningurinn liggur hér fyrir og þið fáið að skoða en við stefnum að því að kynna samninginn til fjölmiðla á næstunni.

Harald spyr um tímasetningar á samningnum

Stefán – samningurinn tók gildi 1. janúar 2007 og rennur út 31. desember 2010. Það er sú kvöð á okkur að láta vita af komu okkar með 6 vikna fyrirvara.

Fleiri mál komu ekki og mælendaskrá lokað.

Kosningar

Jón Ólafur Valdimarsson kemur sér fyrir í pontu fyrir uppstillinganefnd. Jason Ívarsson býður sig fram í formannssæti BLÍ til næstu tveggja ára. Enginn annar bauð sig fram.

- Óskar Hauksson og Jón Ólafur Valdimarsson eiga að víkja úr stjórn nú en Óskar bauð sig fram að nýju en ekki Jón Ólafur. Harald Ísaksen bauð sig fram í sæti Jóns Ólafs.
- Tillaga uppstillingarnefndar um varastjórn er þessi:
 - ✓ Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
 - ✓ Svala Vignisdóttir
 - ✓ Hreggviður Nordahl
- Fleiri gáfu ekki kost á sér í stjórn og er því gengið til kosninga

Jason Ívarsson sjálfkjörinn með lófaklappi
Óskar Hauksson og Harald Ísaksen bornir upp og kosnir með lófaklappi

Varastjórn borin upp og samþykkt með lófaklappi.

- **Tillaga um tvo endurskoðendur næsta árs:**
- ✓ Davíð Búi Halldórsson
 - ✓ Hjörtu Bjarki Halldórsson

Borið upp og samþykkt.

Þingforseti þakkar fyrir sig og óskar endurkjörnum formanni BLÍ til hamingju og gefur honum orðið.

Jason Ívarsson, formaður BLÍ tekur til máls.

Öll störfum við með það markmið að vinna íþróttinni sem mest gagn. Stjórnin mun vinna áfram að því markmiði af fullum kröftum og vonast eftir hjálp áfram. Ég vil þakka starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf og jafnframt vil ég þakka stjórnarmönnum sem fara úr stjórn og þeim sem koma inn óska ég velgengni.

35. ársþingi BLÍ slitið kl. 12.34

Þingritari og þingforseti staðfesta hér með þinggerð þessa

Sævar Már Guðmundsson, þingritari
(sign)

Halldóra Sævarsdóttir, þingforseti
(sign)

Viðauki

Blaksamband Íslands

Ársþing BLÍ 2007

Fjárhagsáætlun 2008

Fylgiskjal nr. 1

Tekjur

Lottótekjur	1.560.000 kr.
Styrkur frá ríki	1.600.000 kr.
Mótatekjur - deild	1.222.000 kr.
Mótatekjur - bikar	225.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	702.000 kr.
Aðrir styrkir ÍSÍ	1.000.000 kr.
Tekjur frá styrktaraðilum	2.000.000 kr.
Tekjur vegna landsliða	5.200.000 kr.
Annað	- kr.
Samtals	13.509.000 kr.

Gjöld

Laun og launategd gj. framkv.stj.	3.000.000 kr.
Laun A-landsliðsþjálfara	700.000 kr.
Laun þjálfara yngri liða	500.000 kr.
Tímabundir starfsmenn	100.000 kr.
Húsaleiga	290.000 kr.
kostnaður v/ísímót	744.000 kr.
Annar skrifstofuskostnaður	30.000 kr.
Ferðakostnaður innanlands	905.000 kr.
Ferðakostnaður landsliða erl.	5.300.000 kr.
Annar ferðakostn. erlendis	100.000 kr.
Annar kostnaður vegna landsl.	620.000 kr.
Vaxtagjöld	649.729 kr.
Samtals	12.938.729 kr.

Hagnaður / - tap

570.271 kr.



VISAÐ TIL STJÓRNAR # 2

Stjórn BLÍ leggur fram eftirfarandi breytingu í reglugerð fyrir bikarkeppni Blaksambands Íslands

Núverandi Reglugerð fyrir bikarkeppni Blaksambands Íslands

1. gr.
Í 1. umferð keppa lið í 2. deild og utandeildalið og þá eftir landshlutum. Ef einungis eitt lið skráir sig til keppni í landsfjórðungnum þá fer það sjálfkrafa í 2. umferð.
2. gr.
Í 2. umferð koma 1. deildarliðin inn í keppnina og skulu öll liðin sett í einn pott og dregið. Utandeildaliðin og 2. deildarliðin eiga heimaleik í 2. umferð mæti þau 1. deildarliði. Annars á það lið sem á undan er dregið heimaleik. Lið sem flyst sjálfkrafa úr 1. umferð skulu dregin fyrst úr pottinum í 2. umferð.
3. gr.
Stjórn BLÍ ákveður leikstað úrslitaleiks fyrir fyrstu umferð keppinnar.
4. gr.
BLÍ skal sjá um framkvæmd leiksins.

NÝ reglugerð – hin dettur alveg út

1. grein
Bikarkeppni BLÍ skal haldið ár hvert sem hér segir: LIÐ KARLA OG KVENNA.
- a) Leikið skal í tveimur fjölldámótum þangað til í undanúrslit er komið: Fjölldámótin skulu fara fram í lok september og um miðjan janúar ár hvert. Fjölldámótin skulu ekki vera haldin í Höfuðborgarsvæðinu. LANDSHLUTUM EFTIR ÁKV. Þ
- b) Öllum aðildarfélögum BLÍ er heimil þátttaka í Bikarkeppni BLÍ. Skráning í Bikarkeppninnar fer fram í júní ár hvert og skráð lið verða lögleg þegar þátttökugjöld eru greidd.
2. grein SKA
- Staðsetning fjölldámóta: ? KVENNINNA
- a) Félög ~~úti á landi~~ geta sótt um að fá að halda mótin fyrir 15. júní til stjórnar BLÍ
- b) ~~Leyfilegt er að sameina karla og kvennamót.~~
- c) Undanúrslit og úrslit fara fram í Reykjavík um sömu helgi. ER Í BLÍ HÖNDUM
3. grein
Framkvæmd fjölldámóta:

bls 1

a) Framkvæmdaraðili fjölliðamóts er það félag sem hefur sótt um að fá að halda fjölliðamót bikarkeppninnar og stjórn BLÍ hefur samþykkt eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.

b) Leikið skal í tveimur riðlum, að hámarki með 6 liðum hvorum riðli. Lokastaða deildarkeppninnar leiktímabilið á undan er notuð við að raða liðum í riðla þannig að efsta liðið í 1. deild er í riðli 1 og annað sætið í riðli 2 og svo framvegis. Riðlarnir haldast á milli móta og tvö efstu liðin spila kross í undanúrslitum þannig að lið 1 í riðli A leikur við lið 2 í riðli B.

c) Skrái lið sig til keppni í Bikarkeppni BLÍ er liðið skuldbundið til að taka þátt í báðum fjölliðamótunum. Mæti lið ekki til leiks er við viðkomandi félag sektað um 80.000 kr.

d) Í fjölliðamótunum er leikið upp á tvær unnar hrinur skv. Leikreglum BLÍ með tveimur dómurum. Í undanúrslitum og úrslitum er leikið upp á þrjár unnar hrinur.

4. grein

Stjórn BLÍ ákveður leikstað og tíma úrslitahelgar í Reykjavík áður en skráningarfrestur rennur út í Bikarkeppni BLÍ og skal BLÍ sjá um framkvæmd úrslitahelgarinnar.

5. grein

Heimilt er að selja nafn Bikarkeppninnar.



þinggerð 2

b/s 2

Blaksamband Íslands

From: Lilja Margrét [lmh@lilja.is]
Sent: 4. maí 2007 12:37
To: Blaksamband Íslands
Subject: Tillaga á ársþing

Þingskiel #37

Góðan og blessaðan daginn.

Langar að leggja fram þá tillögu að komið verði á 3. deild, allavega f. kvennaliðin. Hef trú á því að ágætasta þátttaka gæti náðst og einnig gæti þetta einfaldað liðum að fá úthlutað húsnæði.

Mbk. Lilja Margrét

No virus found in this incoming message.
 Checked by AVG Free Edition.

Version: 7.5.467 / Virus Database: 269.6.2/787 - Release Date: 3.5.2007 14:11

Framkvæmdarátt
Vísad til



Þinaslys #4

Hellissandi 4.mai 2007

Tillaga um breytingu á leikskipulagi í 3.fl karla og kvenna.

Þær breytingar verði gerðar á reglum 3. flokks að sami leikmaður fái aðeins 3 uppgjafir. Komi stig frá öllum hans uppgjöfum verður skipting hjá hans liði og næsti gefur upp.

Þarna erum við að fara hægar inn í það að spila eins og fullorðnir. Með þessari reglu verður oftast uppgjöf hjá liðinu og leikmenn fá meiri reynslu í öllum stöðum á vellinum. Einnig kemur hún í veg fyrir að sami leikmaður skori öll stig fyrir sitt lið þannig að í leikjunum verði lengra spil og leikmenn fá þá lengri og skemmtilegri leiki.

Viðar Gylfason fulltrúi í yngri flokkanefnd Bli.

Samþykkt
viðar í yngri flokkanefnd



VISAÐ TIL BLÍ YNARU FL. NEFNORAR

#5

Blaksamband Íslands

From: Brynjar Pétursson [bp@olis.is]
Sent: 21. febrúar 2007 10:25
To: Blaksamband Íslands
Subject: Tillögur að breytingum

Sæll Sævar,

Sendi ég tillögur að breytingum á ykkur?

þarf þetta að berast fyrir næsta þing? Og verður þetta þá tekið fyrir á næsta þingi?

Málið er að mér finnst að 3.fl. ætti að vera 3 ár og að nethæðin í 2.fl ætti að vera 2.35 í stað 2.43m.

Ég ætla að reyna að fá þessu breytt en veit ekki hvert á á að snúa mér í því.

Málið er, að ég missti töluvert mikið af leikmönnum þegar netið hækkaði svona skyndilega og því væri þetta góð hugmynd.

Myndirðu vera svo vænn að leiðbeina mér í þessu svo ég geti sett saman einhverja punkta yfir þetta og sent þetta svo formlega inn til þín.

Kveðja,
 Brynjar

--
 No virus found in this incoming message.
 Checked by AVG Free Edition.
 Version: 7.1.412 / Virus Database: 268.18.3/694 - Release Date: 20.2.2007

5.5.2007